

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Vinnureglur

Úthlutun framlaga á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 782/2020

1. gr.

Umsókn um framlag

Úthlutun framlaga vegna kostnaðar sem hlýst af vinnu vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar, kynningar á sameiningartillögu og framkvæmd atkvæðagreiðslu samkvæmt a-lið 1. gr. reglna nr. 782/2020 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, skal byggja á umsókn viðkomandi sveitarfélaga. Umsókn sveitarfélaga skal fylgja ítarleg og sundurliðuð fjárhagsáætlun um áætlaðan kostnað.

2. gr.

Eðlilegur kostnaður

Við mat á því hvað telst vera eðlilegur kostnaður við vinnu vegna undirbúnings sameiningar skal taka mið af eftifarandi viðmiðunarþarfjárhæðum:

1. Könnun á hagkvæmni sameiningar:

Nái sameiningartillaga til tveggja sveitarfélaga greiðist 10.000.000 kr.

Sé um fleiri en tvö sveitarfélög að ræða greiðist 2.500.000 kr. fyrir hvert sveitarfélag til viðbótar.

2. Kynning á sameiningartillögu:

Fast framlag að fjárhæð 2.000.000 kr. greiðist fyrir hvert sveitarfélag sem sameiningartillagan nær til.

Til viðbótar greiðast 1.000 kr. á hvern íbúa sem sameiningartillagan nær til.

3. Framkvæmd atkvæðagreiðslu:

Fast framlag að fjárhæð 400.000 kr. fyrir hvern þéttbýliskjarna sem sameiningartillagan nær til.

Til viðbótar greiðast 500 kr. á hvern íbúa sem sameiningartillagan nær til.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er heimilt að leggja til að vikið sé frá viðmiðunarþarfjárhæðum skv. 1. mgr. vegna einstakra umsagna ef ríkar málefnaðar ástæður eru fyrir hendi að mati nefndarinnar.

Ekki er gert ráð fyrir framlagi Jöfnunarsjóðs vegna vinnu starfsmanna einstakra sveitarfélaga við upplýsingagjöf til sameiningarnefnda eða starfsmanna þeirra.

3. gr.

Samþykkt umsóknar

Jöfnunarsjóður getur samþykkt umsókn sveitarfélaga um framlag vegna undirbúnings sameiningar í heild eða að hluta til. Samanlagt geta framlög skv. 2. gr. numið að hámarki að fjárhæð 50.000.000 kr. á sameiningartillögu.

4. gr.

Skilyrði framlags

Við uppgjör verkefnisins gagnvart Jöfnunarsjóði skal áfallinn kostnaður sveitarfélaga vegnu vinnu við undirbúning sameiningar staðfestur af löggiðum endurskoðanda.

Framlag verður ekki greitt fyrr en fyrir liggur hjá sjóðnum staðfesting á áföllnum kostnaði vegna viðkomandi sameiningartillögu.

5. gr.

Viðbótarframlag

Sveitarfélög geta sótt sérstaklega um framlag vegna kostnaðar sem féll til við undirbúning sameiningar sem ekki var gert ráð fyrir í kostnaðaráætlun sveitarfélaganna og ekki var hægt að sjá fyrir um við gerð umsókna. Fer um slíka umsókn skv. 2. gr. og 3. gr.

Vinnureglur þessar taka gildi við undirritun.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, 12. mars 2021

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Sig. Þorgríð Jónsdóttir".